

Nova Klúbburinn birtir uppgjör fjórða ársfjórðungs og ársins 2024



Góð rekstrarniðurstaða mikilvægt veganesti fyrir næstu skref Nova

Nova skilaði góðum hagnaði á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Heildartekjur á síðasta ársfjórðungi voru um 3,5 milljarðar og jukust um 5,2% milli ára. Þjónustutekjur hækkuðu um 9% og EBITDA jókst um 10,8%. Hagnaður fjórðungsins var 244 milljónir og eykst um 33,9% milli ára.

Stjórn Nova hefur ákveðið að stofna sérstakt innviðafélag um lykilinnviði, dreifikerfi og stofnnet, sem verður að fullu í eigu Nova Klúbbsins, móðurfélags Nova. Með nýju félagi, Nova innviðir, verður til skýrari aðgreining ólíkra þátta í starfsemi félagsins, þjónustu- og innviðarekstrar, sem styrkir stöðu Nova sem leiðandi aðila á íslenskum fjarskiptamarkaði. Þannig skapast mikilvægt tækifæri til hagræðingar með enn meiri samnýtingu, m.a á vettvangi Sendafélagsins. Einnig skapast traustari grundvöllur til þess tryggja loforð okkar um að vera fyrst inn í framtíðina með snjallari lausnir.

Helstu niðurstöður á fjórða ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.501 m.kr. og vaxa um 5,2% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.642 m.kr. og vaxa um 9,0% á milli ára.
- EBITDA nam 1.065 m.kr. og vex um 10,8% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 30,4% á fjórðungnum samanborið við 28,9% á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 433 m.kr. samanborið við 398 m.kr á sama tímabili á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 145 m.kr. og lækka um 26,2%
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 244 m.kr. og hækkar um 33,9%

Helstu niðurstöður ársins 2024:

- Heildartekjur voru 13.314 m.kr. og vaxa um 2,5% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 10.358 m.kr. og vaxa um 6,4% á milli ára.
- EBITDA nam 4.128 m.kr. og vex um 3,8% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 31,0% á árinu samanborið við 30,6% á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 1.862 m.kr. samanborið við 1.826 m.kr. á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld ársins nema 839 m.kr. og lækka um 11,0% frá fyrra ári.
- Hagnaður ársins eftir skatta var 807 m.kr. og hækkar um 10,7% frá fyrra ári
- Hagnaður á hlut eykst um 14,6% milli ára
- Handbært fé frá rekstri á árinu er 3.107 m.kr.
- Eiginfjárhluftfall var 40,6% í lok ársins og eigið fé nam samtals 9.664 m.kr.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova segir uppgjórið frábært veganesti inn í enn frekari vöxt.

„Það er alltaf ánægjulegt að skila góðu uppgjöri en það eru nokkrir þættir sem gera það sérstaklega ánægjulegt núna. Við erum ekki bara að sjá góðan hagnað fyrir hluthafa og alla meginþætti rekstursins í takti við eða umfram væntingar. Við erum að sjá verulega fjölgun viðskiptavina á fastneti og á fyrirtækjamarkaði, bæði í hefðbundinni þjónustu en líka í sérlausnum. Við erum efst í Íslensku ánægjuvuginni sextánda árið í röð, sem er líklega mikilvægasti mælikvarðinn á það hvort við séum á réttri leið gagnvart viðskiptavinum okkar og það sem er verulega ánægjulegt er að þar erum við einnig að sjá betri niðurstöður frá síðasta ári, sem er sannarlega ekki sjálfgefið.

Allt þetta skiptir máli því það er mikilvægt að lykilþættir séu í lagi þegar við horfum til nýrra verkefna og enn frekari vaxtar. Það eru spennandi hlutir framundan hjá Nova. Einn af þeim eru Nova innviðir, en ein mikilvægasta stöðin í okkar rekstri er að eiga og reka okkar eigin innviði. Þannig höldum við forskoti okkar á markaðnum og getum alltaf boðið besta og öruggasta net- og símasamband sem í boði er og staðið við loforð okkar um að vera fyrst inn í framtíðina með snjallari lausnir. Þessi aðgreining þjónustu- og innviðareksturs gefur okkur ný tækifæri sem við erum sannfærð um að muni bæði skila hagræði og betri þjónustu út um allt land fyrir viðskiptavinum. Niðurstaðan af reglulegri starfsemi ársins 2024 er sú besta í sögu Nova. Árið og uppgjórið nú er því frábær upptaktur að því sem koma skal og vil ég segja TAKK til okkar frábæru viðskiptavina og til Nova liðsins fyrir metnaðinn, kraftinn og gleðina.“


Helstu niðurstöður í rekstri ársins:

Tekjustofnar

	4F 2024	4F 2023	Breyting	%
FlakkNet	1.637	1.523	113	7,4%
FastNet	1.005	901	104	11,6%
Vörusala	586	592	-6	-1,1%
Aðrar tekjur	273	311	-38	-12,1%
Heildar rekstrartekjur	3.501	3.327	174	5,2%

	12M 2024	12M 2023	Breyting	%
FlakkNet	6.461	6.177	284	4,6%
FastNet	3.897	3.557	340	9,6%
Vörusala	1.851	1.985	-135	-6,8%
Aðrar tekjur	1.106	1.274	-168	-13,2%
Heildar rekstrartekjur	13.314	12.993	321	2,5%


Heildartekjur




Heildartekjur á milli ára vaxa um 2,5% og námu samtals 13.314 m.kr.

Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 10.358 m.kr. og vaxa um samtals 624 m.kr., sem er 6,4% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist m.a. af góðri fjölgun viðskiptavina á FastNetinu í framhaldi af stækkun þjónustuvæðis í upphafi ársins sem og góðum vexti í tekjum af sérlausnum á fyrirtækjamarkaði, þar sem innviðauppbýgging Nova er að styðja vel við stórnotendur í gagnaflutningum.

FastNet




FlakkNet




Vörusölutekjur námu samtals 1.851 m.kr. og dragast saman um 135 m.kr. sem er 6,8% lækkun á milli ára. Skýrist sú lækkun einna helst af minni sölu símtækja þar sem líffími þeirra er að jafnaði lengri en áður sem og kauphegðun hefur almennt hliðrast niður í ódýrari tæki. Dregið hefur úr lækkun milli ára sem bendir til að jafnvægi sé að nást í sölu símtækja sem og að hlutdeild annarra vöruflokka er að aukast lífílega.

Aðrar tekjur nema samtals 1.106 m.kr. og dragast saman um 168 m.kr., eða um 13,2% á milli ára. Á fyrsta ársfjórðungi samanburðarárs voru færðar einskiptistekjur vegna eignasölu upp á 37 m.kr. undir aðrar tekjur, leiðrétt fyrir þeim lið eru aðrar tekjur að dragast saman um 10,6%, sem skýrist helst af lækkun á öðrum sölutekjum svo sem fastlínutekjum og tekjum vegna samrekstrar.

Vörusala



Aðrar tekjur*



Rekstrarreikningur

	4F 2024	4F 2023	Breyting / %		12M 2024	12M 2023	Breyting / %	
Heildar rekstrartekjur	3.501	3.327	174	5,2%	13.314	12.993	321	2,5%
Kostnaðarverð seldra vara	1.595	1.644	-49	-3,0%	6.139	6.243	-104	-1,7%
Laun og launatengd gjöld	563	459	104	22,6%	2.031	1.796	235	13,1%
Annar rekstrarkostnaður	278	263	15	5,8%	1.016	976	41	4,2%
Heildar rekstrargjöld	2.436	2.366	70	2,9%	9.186	9.014	172	1,9%
EBITDA	1.065	961	104	10,8%	4.128	3.979	149	3,8%
EBITDA%	30,4%	28,9%	1,5%	5,3%	31,0%	30,6%	0,4%	1,3%
Afskriftir	(-632)	(-563)	(-69)	12,3%	(-2.266)	(-2.152)	(-114)	5,3%
Rekstrarhagnaður	433	398	35	8,7%	1.862	1.826	35	1,9%
Fjármunat. og (fjármagnsgj.)	(-145)	(-197)	52	-26,2%	(-839)	(-943)	104	-11,0%
Tekjuskattur	(-44)	(-19)	(-25)	126,9%	(-216)	(-155)	(-61)	39,3%
Hagnaður tímabilsins	244	182	62	33,9%	807	729	78	10,7%
Hagnaður á hlut	0,07	0,05	0,02	37,1%	0,22	0,19	0,03	14,6%

Heildar rekstrargjöld ársins nema samtals 9.186 m.kr. og hækka um 1,9% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 6.139 m.kr. og lækka um 104 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður vegna fjölgunar viðskiptavina. Framlegðarhlutfall í vörusölu er almennt lægra ef miðað er við þjónustutekjur, en jákvætt er að horfa á að nettó framlegð stendur nokkurn veginn í stað á milli ára, sem vegur upp á móti lækkun tekna og hefur því lítil áhrif á rekstrarhagnað.



Laun og launatengd gjöld nema samtals 2.031 m.kr. og hækka um 235 m.kr. á milli ára sem nemur 13,1% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum, en stöðugildum fjölga einnig lítillega milli ára og ónýtt orlofsskuldbinding er einnig hærri á milli ára. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 1.016 m.kr. og hækkar um 41 m.kr. sem nemur 4,2% hækkun á milli ára. Sú hækkun skýrist helst af almennum verðlagshækkunum, en einnig hefur áhrif að þann 1. mars uppfærði félagið fjárhagskerfi sitt í skýjalausn og hafa þá bæði fjárhags- og reikningagerðarkerfi verið uppfærð í skýjalausnir sem birtist nú í hærri rekstrargjöldum en mun á móti hafa áhrif til lækkunar í afskriftum fram veginn.

EBITDA nemur samtals 4.128 m.kr. EBITDA hlutfall ársins er 31,0% og hækkar lítillega milli ára.

Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 839 m.kr. og lækka um 11,0% á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri verðbólgu, lægri stöðu vaxtaberandi lána og góðri sjóðstöðu yfir árið með tilheyrandi vaxtatekjum.

Hagnaður ársins var 807 m.kr. og hækkar um 78 m.kr. frá fyrra ári. Hagnaður á hlut er 0,22 kr. og hækkar um 14,6% frá fyrra ári.

Hagnaður ársins



*Tölur leiðréttar fyrir hagnaði vegna sölu óvirkra innvið á 4F '21 og kostnaðar vegna skráningar á markað 1H '22

Efnahagur


	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Viðskiptavild	10.136	10.049	88	0,9%
Óefnislegar eignir	1.426	1.639	-213	-13,0%
Rekstrarfjármunir	3.939	4.030	-91	-2,3%
Leigueignir	4.654	4.292	362	8,4%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	551	476	75	15,8%
Fastaðfjármunir samtals	20.708	20.488	220	1,1%
Birgðir	410	405	4	1,1%
Viðskiptakröfur	1.174	1.125	50	4,4%
Aðrar skammtímaskröfur	494	655	-160	-24,5%
Handbært fé	1.031	497	534	107,5%
Veltuðfjármunir samtals	3.109	2.681	428	16,0%
Eignir samtals.....	23.818	23.170	648	2,8%
Eigið fé.....	9.664	9.277	387	4,2%
Vaxtaberandi langtímask.	1.890	1.995	-105	-5,3%
Leiguskuldbindingar	6.726	6.329	397	6,3%
Aðrar skuldir	3.057	2.964	93	3,1%
Langtímaskuldir samtals	11.672	11.287	385	3,4%
Næsta árs afb. langtímask.	105	100	5	5,3%
Viðskiptaskuldir	795	813	-17	-2,1%
Ógreiddir skattar	291	275	16	6,0%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	278	244	34	13,9%
Aðrar skammtímaskuldir	1.012	1.174	-162	-13,8%
Skammtímaskuldir samtals	2.482	2.606	-124	-4,7%
Skuldir samtals.....	14.154	13.893	261	1,9%

Fastafjármunir félagsins námu 20.708 m.kr. í lok ársins en voru 20.488 m.kr. árið á undan. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lífillega umfram afskriftir vegna nýrra sendastaða. Veltuðfjármunir félagsins námu samtals 3.109 m.kr. í lok ársins en voru 2.681 m.kr. árið á undan. Sú hækkun skýrist fyrst og fremst af hækkun á handbæru fé í línu við hagnað og jákvætt sjóðstreymi ársins.


Eigið fé félagsins nam 9.664 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.277 m.kr. árið á undan. Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,6% í lok tímabilsins samanborið við 40,0% árið á undan.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.672 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.287 m.kr. árið á undan. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum, en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lífillega vegna nýrra sendastaða. Skammtímaskuldir félagsins námu 2.482 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.606 m.kr. árið á undan, sú lækkun skýrist helst af lækkun annarra skammtímaskulda.

Nettó vaxtab. skuldir, leiguskuldb. og aðrar skuldir/12m EBITDA



Veltuðfjárhlutfall




	4F 2024	4F 2023	Breyting	12M 2024	12M 2023	Breyting
Veltufé frá rekstri	1.065	961	104	4.128	3.979	149
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	47	158	(-111)	(-74)	(-59)	(-15)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-141)	(-132)	(-9)	(-672)	(-673)	1
Greiddir skattar	(-117)	22	(-139)	(-274)	(-232)	(-43)
Handbært fé frá rekstri	854	1.010	(-156)	3.107	3.015	93
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-305)	(-391)	85	(-1.398)	(-1.566)	169
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-92)	(-273)	181	(-244)	(-490)	246
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	0	0	0	(-88)	0	(-88)
Fjárfestingarhreyfingar	(-398)	(-664)	266	(-1.729)	(-2.056)	327
Keypt eign bréf	(-146)	(-270)	124	(-420)	(-505)	85
Afborgun leiguskuldbindinga	(-85)	(-49)	(-36)	(-255)	(-194)	(-60)
Afborgun annarra langfímaskuldbindinga	(-14)	(-13)	(-1)	(-54)	(-47)	(-7)
Tekin ný langfímalán	0	2.100	(-2.100)	0	2.100	(-2.100)
Afborganir langfímalána	(-26)	(-2.384)	2.357	(-105)	(-2.483)	2.378
Fjármögnunarhreyfingar	(-271)	(-616)	345	(-834)	(-1.129)	295
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	185	(-270)	455	544	(-170)	714
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(-2)	1	(-3)	(-10)	2	(-12)
Handbært fé í upphafi tímab.	848	766	82	497	665	(-168)
Handbært fé í lok tímabilsins	1.031	497	534	1.031	497	534

Handbært fé frá rekstri er 3.107 m.kr. og hækkar um 93 m.kr. frá fyrra ári, sem skýrist af hærri veltufé frá rekstri. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum eru neikvæðari samanborið við fyrra ár sem skýrist helst af meiri lækkun viðskiptaskulda milli ára. Greidd vaxtagjöld standa í stað en greiddir skattar hækka með auknum hagnaði milli ára.


Fjárfestingahreyfingar námu 1.729 m.kr. samanborið við 2.056 m.kr. á fyrra ári og lækka um 327 m.kr. Lækkunin skýrist af minni fjárfestingum miðað við fyrra ár bæði í rekstrarfjármunum sem og óefnislegum eignum, en á móti kemur uppgjörsgreiðsla í mars tengd kaupum á félagi á árinu 2017.

Fjármögnunarhreyfingar eru 834 m.kr. á tímabilinu samanborið við 1.129 m.kr. á fyrra ári. Í byrjun janúar lauk félagið endurkaupum hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars 2023, með kaupum á 10.810 þúsund eigin hluta fyrir heildarupphæð 44,8 m.kr. Í apríl hóf félagið svo framkvæmd nýrrar endurkaupaáætlunar og keypti 96,8 milljón eigin hluta fyrir samtals 376,5 m.kr. til loka árs.

Handbært fé frá rekstri



FCF — FCF/Heildartekjum




*Tölur leiðréttar fyrir áhrifum vegna sölu óvirkra innvið á 4F '21

Fjárfestingar

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum nema samtals 1.398 m.kr. á árinu samanborið við 1.566 m.kr. árið á undan og lækka um 169 m.kr. Á árinu var fjárfest í áframhaldandi uppbyggingu fjarskiptakerfisins, bæði kjarna og dreifikerfi, þar sem m.a. hefur verið unnið að því að innleiða svokallaða 5G standalone tækni. Einnig var flutningsgeta stofnnets félagsins stækkuð á árinu til að koma til móts við vaxandi þarfir stórnotenda í gagnamagni sem og almenna aukna gagnanotkun á dreifikerfi.

Fjárfestingar í óefnislegum eignum nema samtals 244 m.kr. samanborðið við 490 m.kr. árið á undan og lækka um 246 m.kr. Þessi lækkun skýrist helst af fjárfestingum í tíðniheimildum á samanburðarári. Á árinu var m.a. fjárfest í þróun og viðbættum á þjónustukerfum, vef og appi sem og fyrirnefndri uppþærslu á fjárhagskerfi sem nú er rekið í skjýjalausn.



Horfur fyrir árið 2025

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.700 m.kr. til 14.000 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 4.000 m.kr. til 4.400 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði á bilinu 11%-12% af heildartekjum.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um bisnessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

Fjárhagsdagatal 2025

Aðalfundur 2025	27. mars 2025
Uppgjör 1F 2025	7. maí 2025
Uppgjör 2F 2025	14. ágúst 2025
Uppgjör 3F 2025	30. október 2025
Ársuppgjör 2025	26. febrúar 2026
Aðalfundur 2026	26. mars 2026

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 157 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

Vörusala

Tekjur af sölu á simtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastínubjónusta, samræktur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.